

Grátunna Blandaður úrgangur

Ef flokkun gengur almennt vel þá ætti mjög lítil úrgangur að fara í grátunnuna. Dæmi um þennan úrgang er t.d. bleyjur, úrgangur frá gæluðyrhaldi, umbúðir úr blönduðu hráefni sem ekki er hægt að skilja í sundur og úrgangur sem ekki er hægt að hreinsa.

Blandaður, óflokkaður úrgangur er urðaður og með því að minnka hann er neikvæðum umhverfisáhrifum af völdum úrgangsins haldið í lágmarki.

Brúntunna Lífrænn úrgangur

Allur lífrænn úrgangur fer í tunnuna með brúna lokinu, úrgangurinn fer svo í jarðgerð og verður loks að moldu. Gott er að safna efninu í sérstaka poka úr pappír eða maíspoka sem jarðgerast með efninu. Venjulega plastpoka má alls ekki nota.

Athugið að binda vel fyrir pokana áður en þeir eru settir í söfnunartunnuna.

Súpur, sósur og soð má ekki setja með lífrænum úrgangi, því er skolað niður um vaskinn.



NÝTT!



Sótt á 3ja vikna fresti

ÞUMALPUTTAREGLAN er sú að ef þú finnur engan annan stað fyrir úrganginn þá á hann að öllum líkindum heima í grátunnunni.



Sótt á 3ja vikna fresti

ÞUMALPUTTAREGLAN er sú að ef þú getur borðað það en vilt það ekki þá fer það í brúntunnuna.

Blátunna Pappír og pappi

Til að efnið nýtist sem best sem endurvinnsluefni er nauðsynlegt að hafa í huga að mjólkurfurnur séu vel skolaðar og annar pappír undan matvælum þarf að vera hreinn og þurr. Mikilvægt er að fjarlægja allar matarleifar og plastumbúðir sem kunna að vera inni í umbúðunum. Allt efni á að fara laust í tunnuna en ekki í lokuðum pokum. Pappírinn og pappinn er að mestu fluttur erlendis til endurvinnslu og dregur slík endurvinnsla úr eyðingu skóga

Umbúðir þurfa að vera hreinar og lausar við allar matarleifar



Sótt á 6 vikna fresti

ÞUMALPUTTAREGLAN er sú að ef þú getur rifid úrganginn þá er hann að öllum líkindum pappír og fer því í blátunnuna.

Græntunna Plast

Til að plastið nýtist sem best sem endurvinnsluefni er nauðsynlegt að hafa í huga að plast undan matvælum og hreinsiefnum þarf að vera vel skolað og þurrt. Sníðugt er að pressa umbúðirnar saman til að minnka rúmmál. Allt efni á að fara í pokum í tunnuna.

Plast sem safnast fer að mestu erlendis til endurvinnslu en að hluta til orkuvinnslu.

Umbúðir þurfa að vera hreinar og lausar við allar matarleifar



Sótt á 6 vikna fresti



ÞUMALPUTTAREGLAN er sú að ef þú ert ekki viss um hvort endurvinnsluefnið er úr áli eða plasti getur þú prófað að krumpa efnið saman og ef það sprettur út aftur þá er það plast, en ef það helst samankrumpað þá er það ál og fer með málum.

